

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 45/2008

frá 25. apríl 2008

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 23/2008 frá 1. febrúar 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 807/2007 frá 10. júlí 2007 um breytingu á II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1319/2007 frá 9. nóvember 2007 um breytingu á I. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 að því er varðar notkun fóðurs af landspildum sem eru á fyrsta ári í aðlögun að lífrænum búskap ⁽³⁾.
- 4) Ákvörðun þessi varðar ekki Liechtenstein.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 54b (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

- „– **32007 R 0807**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 807/2007 frá 10. júlí 2007 (Stjtið. ESB L 181, 11.7.2007, bls. 10),
- **32007 R 1319**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1319/2007 frá 9. nóvember 2007 (Stjtið. ESB L 293, 10.11.2007, bls. 3).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 807/2007 og 1319/2007, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 182, 10.7.2008, bls. 7, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 42, 10.7.2008, bls. 4.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 181, 11.7.2007, bls. 10.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 293, 10.11.2007, bls. 3.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. apríl 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. apríl 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.